



Matís ohf.

## Ársreikningur 2022

Matís ohf.  
670906-0190  
Vínlandsleið 12  
113 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3	bls.	
Áritun ríkisendurskoðanda .....	5	Efnahagsreikningur .....	9
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6	Yfirlit um sjóðstreymi .....	10
Rekstrarreikningur .....	8	Skýringar .....	11

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra á ársreikninginn

Félagið var stofnað árið 2006 á grundvelli laga nr. 68/2006. Matís er þekkingar- og rannsóknafyrirtæki og sinnir umfangsmíklum rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla og líftækni í þágu atvinnulífsins, matvælaöryggis og lýðheilsu. Stefna og framtíðarsýn Matís byggist á því, að vera framsækið þekkingarfyrirtæki sem eflir samkeppnishæfni og sjálfbærni matvælaframleiðslu á Íslandi, skila íslensku samfélagi verðmætum afurðum með samstarfi og þjónustu við atvinnulífið, styðja íslensk yfirvöld í að tryggja öryggi og heilnæmi matvæla, byggja upp starfsstöðvar á landsbyggðinni, auka verðmætasköpun um allt land, vera eftirsóttur samstarfs- og þjónustuaðili fyrirtækja og stofnana og að vera eftirsóknaverður, krefjandi og spennandi vinnustaður með fyrsta flokks aðstöðu þar sem starfsmenn njóta sín í starfi.

Matís vinnur að rannsóknum og nýsköpun á matvælum í þágu atvinnulífsins og samfélagsins í heild til að stuðla að aukinni verðmætasköpun, og til að efla matvælaöryggi og lýðheilsu. Einnig er unnið að verðmæta- og nýsköpun úr vanýttum lífauðlindum landsins, eins og t.d. örverum, efnsíum, þörungum o.fl. Árið 2022 heyrði Matís undir Matvælaráðuneytið (MAR). Með samstarfi við fjölbreyttan hóp hagaðila eru afurðir rannsókna og nýsköpunar nýttar til að auka þekkingu og skapa verðmæti í samféluginu. Þannig skipar Matís stóran sess í verðmætasköpun, eflir matvælaframleiðslu og sam keppnishæfni íslensks atvinnulífs og afurða – og stuðlar um leið að sjálfbærni og umhverfisvernd. Matís er leiðandi í efna- og örverurannsóknum matvæla á Íslandi og geginr mikilvægu hlutverki við að tryggja mat vælaöryggi og bæta lýðheilsu. Matís veitir stjórnvöldum og stofnunum stuðning og ráðgjöf um viðbrögð ef upp kemur matvælavá, sem er lykilatriði til þess að hægt sé að lágmarka neikvæð áhrif hópsýkingar eða faraldurs á lýðheilsu og efnahag þjóðarinnar. Matís vinnur náið með opinberum eftirlitsaðilum við ráðgjöf, mælingar, vöktun og áhættumat til að tryggja matvælaöryggi íslenskra neytenda og verðmæti útflutningsafurða. Með rannsóknum og vöruþróun á matvælum og innihalds eftirlitsaðilum stuðlar Matís að bættri lýðheilsu landsmanna. Áhersla er lögð á þróun fjölbreyttra, næringarríkra matvæla sem hafa heilsubætandi áhrif. Starfsemi Matís árið 2022 var fjármögnuð með þjónustu samningi við MAR (23,7%), styrkjum úr samkeppnissjóðum (48,5%), mælingum og annarri þjónustu við innlend fyrirtæki (22,8%), verkefnum fyrir ýmsar innlendar opinberar stofnanir og eftirlitsaðila (1,1%) og sölu á þjónustu við erlend fyrirtæki (4,0%). Heildarvelta Matís árið 2022 var 1,88 milljarðar, þar af var sjálfsaflafé 76,3% og 31,1% tekjur í erlendum gjaldeyri. Árið 2022 störfuðu hjá Matís 97 starfsmenn í 91,1 stöðu gildum, þar af 60 konur og 37 karlar. Árið 2022 var í fyrsta sinn skilað inn upplýsingum um Grænt bókhald Matís fyrir árið 2021, sem er liður í þátttöku Matís í Grænum skrefum. Í lok árs 2022 var sótt um fyrsta Græna skrefið. Matís er að stórum hluta fjármagnað með styrkjum úr inn lendum og erlendum samkeppnisrannsóknasjóðum sem gera kröfur um mótframlag þátttakenda. Hlut þjónustu samningsins við MAR fjármagnar þessi mótframlög Matís. Rannsóknasjóðir gera mismunandi kröfur um mótfram lag en almennt krefjast innlendir samkeppnissjóðir hærra mótframlags en erlendir sjóðir. Auk þeirrar miklu verðmætasköpunar sem niðurstöður rannsókna- og nýsköpunarverkefna skila íslensku samfélagi er sein ávöxtun þess hluta þjónustusamnings sem varið er í rannsóknaverkefni (347 milljónir árið 2022) góð, þar sem Matís aflar 2,6 króna á móti hverri krónu sem MAR leggur til rannsókna með sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði. Grunnurinn að árangri af starfi Matís er öflugt samstarf, innanlands sem utan, með fyrirtækjum, stofnunum, yfir völdum og frumkvöðlum.

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra á ársreikninginn frh.:

Hagnaður varð af rekstri félagsins fyrir árið 2022 að fjárhæð 46,5 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember námu heildareignir félagsins 1.028,8 milljónum króna og bókfært eigið fé nam 371,8 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Það er markmið stjórnar Matís að skila hallalausum og traustum rekstri. Síðastliðin fjörgur ár hefur það markmið náðst að skila jákvæðum rekstri, eiginfjárstaðan er einnig traust. Í áætlun ársins 2023 er einnig ráðgert að reksturinn skili jákvæðri afkomu um það bil 60 milljónum króna.

Stjórn Matís leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum í starfsemi félagsins sem tryggir fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Þá hefur stjórn Matís sett sér starfsreglur og siðareglur til þess að vinna eftir.

Í stjórn félagsins eru fimm stjórnarmenn og þar af tvær konur. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2023 vegna ársins 2022, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutafé félagsins nemur 150 milljónum króna og er allt í eigu ríkissjóðs

Stjórn félagsins og forstjóri staðfesta hér með ársreikninginn fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík,

Undirritað rafrænt,

Í stjórn Matís ohf.:

---

Hákon Stefánsson, formaður

---

Sigmundur Einar Ófeigsson, meðstjórnandi

---

Drífa Kristín Sigurðardóttir, meðstjórnandi

---

Sindri Sigurðsson, varaformaður

---

Hólmfríður Sveinsdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

---

Oddur Már Gunnarsson

## Áritun ríkisendurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.**

**Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda**

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og síðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbónaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun,

undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason  
ríkisendurskoðandi

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

#### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Matís ohf. 31. desember 2022, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Matís ohf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

#### Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

#### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningum

Stjórн og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Matís ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórн skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákváðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun,  
Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur 2022

Skýr. 2022 2021

### Rekstrartekjur:

Seld þjónusta .....	3	<u>1.883.277.971</u>	<u>1.732.532.269</u>
---------------------	---	----------------------	----------------------

### Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld .....	4	<u>1.075.724.038</u>	<u>1.015.033.225</u>
Annar rekstrarkostnaður .....	5	<u>685.506.238</u>	<u>620.619.305</u>
Afskriftir .....	7,8	<u>59.198.918</u>	<u>54.026.114</u>
		<u><u>1.820.429.194</u></u>	<u><u>1.689.678.644</u></u>

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....		<u>62.848.777</u>	<u>42.853.625</u>
--	--	-------------------	-------------------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	( <u>5.598.214</u> )	( <u>3.263.215</u> )
--	---	----------------------	----------------------

Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		<u>57.250.563</u>	<u>39.590.410</u>
Tekjuskattur .....	11	( <u>10.791.373</u> )	( <u>7.921.742</u> )

<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>46.459.190</u></u>	<u><u>31.668.668</u></u>
------------------------	--	--------------------------	--------------------------

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Eignir	Skýr.	2022	2021
<b>Fastafjármunir:</b>				
Óefnislegar eignir .....	7	7.711.712	11.549.808	
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	222.104.096	223.310.408	
Eignarhlutar í öðrum félögum .....		1.557.950	1.820.000	
Fastafjármunir	<u>231.373.758</u>		<u>236.680.216</u>	
<b>Veltufjármunir:</b>				
Vörslusjóður samstarfsverkefna .....	13	0	14.846.691	
Viðskiptakröfur, almennar .....	9	72.816.977	113.773.432	
Viðskiptakröfur, verkefni .....	9	481.188.035	388.716.319	
Aðrar skammtímakröfur .....		3.815.904	127.330	
Handbært fé .....		239.621.444	208.100.869	
Veltufjármunir	<u>797.442.360</u>		<u>725.564.641</u>	
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.028.816.119</u>		<u>962.244.857</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
<b>Eigið fé:</b>				
Hlutafé .....		150.000.000	150.000.000	
Yfirverðsreikningur .....		4.948.160	4.948.160	
Lögbundinn varasjóður .....		13.225.062	8.579.143	
Óráðstafað eigið fé .....		203.698.223	161.884.953	
Eigið fé samtals	<u>10</u>	<u>371.871.445</u>		<u>325.412.256</u>
<b>Skuldbindingar:</b>				
Tekjuskattsskuldbinding .....	11	8.111.427	6.281.689	
<b>Skammtímaskuldir:</b>				
Viðskiptaskuldir .....		99.610.960	85.734.805	
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	9,1	396.606.141	382.963.784	
Vörslusjóður samstarfsverkefna .....	13	0	14.846.691	
Aðrar skammtímaskuldir .....	14	152.616.146	147.005.632	
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>648.833.247</u>		<u>630.550.912</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>656.944.674</u>		<u>636.832.601</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.028.816.119</u>		<u>962.244.857</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
<b>Hreint veltufé frá rekstri:</b>			
Hagnaður ársins .....		46.459.190	31.668.668
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		59.198.916	54.026.114
Breyting á áunnu orlofi .....	(	4.116.361)	( 19.877.597)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....		1.199.418	2.089.474
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu .....		1.829.738	4.195.180
Söluhagnaður hlutabréfa .....	(	3.312.500)	0
		101.258.401	72.101.839
<b>Breyting rekstrartengdra eigna:</b>			
Viðskiptakröfur .....	(	52.463.746)	37.777.321
Vörslusjóður verkefna .....		14.846.691	15.851.936
Aðrar skammtímakröfur .....	(	2.740.089)	( 874.744)
<b>Breyting rekstrartengdra skulda:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		13.876.155	26.172.782
Vörslusjóður verkefna .....	(	14.846.691)	( 15.851.936)
Fyrirframminnheimtar tekjur .....		13.642.357	( 41.052.530)
Aðrar skammtímaskuldir .....		8.527.457	( 40.247.526)
<b>Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda</b>	(	19.157.866)	( 18.224.697)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		82.100.535	53.877.142
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(	54.154.511)	( 100.814.999)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	(	54.154.511)	( 100.814.999)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Söluverð hlutabréfa .....		3.562.500	0
Leiðréttig á hlutabréfum í öðrum félögum .....		12.050	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		3.574.550	0
<b>Hækjun á handbæru fé</b>		31.520.574	( 46.937.857)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>		208.100.869	255.038.727
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		239.621.444	208.100.869

**1. Félagið, almennar upplýsingar**

Matís ohf. er íslenskt opinbert hlutafélag og var stofnað á grundvelli laga nr. 68 frá 2006, lög um stofnun Matvælarannsókna hf. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og reka aðra skylda starfsemi. Höfuðstöðvar þess eru að Vínlandsleið 12 í Reykjavík. Matís er jafnframt með fjórar starfstöðvar úti á landi, á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupsstað og í Vestmannaeyjum.

**2. Reikningsskilaaðferðir og grundvöllur reikningsskilanna**

- a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

**b. Matsaðferðir**

Viðskiptakröfur og verkefni í vinnslu eru eignfærð á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Matið er framkvæmt af stjórnendum Matís. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum Matís.

**c. Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

**d. Innlausn tekna**

Allar tekjur eru færðar rafrænt. Tekjur af veitri þjónustu eru færðar mánaðarlega og reikningsfærðar í lok hvers mánaðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Styrktekjur vegna rannsóknavekfnar eru færðar í bókhald ársfjórðungslega miðað við áfangaskil eða þá skuldbindingu sem Matís ohf. hefur innt af hendi í verkefnunum. Þar sem við á er stuðst er við IFRS 15, alþjóðlegan reikningsskilastaðal við færslu styrktekna og er tekjuskráningu hagað skv. þeirri meginreglu að skráning tekna lýsi yfirfærslu á þjónustu til viðskiptavina á þann veg að það endurspegli það gagngjald sem félagið á rétt á við yfirfærsluna.

**e. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)**

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

**f. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

## Skýringar, frh.:

f. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknatæki .....	3 - 5 ár
Áhöld og tæki .....	3 - 4 ár
Innréttningar .....	5 ár

g. Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

i. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll.

j. Til tengdra aðila teljast dótturfélög, starfsmenn og stjórn.

3. Seld þjónusta greinist þannig:

	2022	2021
þjónustusamningur við matvælaráðuneyti .....	445.557.000	433.000.000
Erlendir sjóðir og fyrirtæki .....	586.281.155	460.356.136
Innlendir sjóðir og opinberir aðilar .....	422.318.490	487.951.894
Innlend fyrirtæki og aðrar tekjur .....	429.121.326	351.224.239
	<hr/> 1.883.277.971	<hr/> 1.732.532.269

## Skýringar, frh.:

	2022	2021
<b>4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:</b>		
Laun .....	874.040.232	848.028.963
Launatengd gjöld .....	201.683.806	167.004.262
	<u>1.075.724.038</u>	<u>1.015.033.225</u>
Starfsmenn, ársverk .....	91,1	93,3
Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu á árinu í millj. kr. ....	27,7	32,7
<b>5. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:</b>		
Beinn rekstrarkostnaður við verkefni án launakostnaðar .....	285.015.651	258.634.804
Rekstur húsnæðis .....	226.902.806	207.913.793
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	<u>173.587.781</u>	<u>154.070.708</u>
	<u>685.506.238</u>	<u>620.619.305</u>
<b>6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:</b>		
Fjármunatekjur .....	1.960.678	1.204.519
Breyting á eignarhlutum í öðrum félögum .....	3.300.450	
Fjármagnsgjöld .....	( 1.339.246)	( 1.442.109)
Gengismunur .....	( 9.520.096)	( 3.025.624)
	<u>( 5.598.214)</u>	<u>( 3.263.214)</u>
<b>7. Óefnislegar eignir greinast þannig:</b>		
	Einkaleyfi	Hugbúnaður
		Samtals
Heildarverð í byrjun árs .....	213.537	43.281.672
Keypt á árinu .....	0	0
Heildarverð í lok árs .....	<u>213.537</u>	<u>43.281.672</u>
Afskrifað í byrjun árs .....	213.537	31.731.862
Afskrifað á árinu .....	0	3.838.099
Afskrifað í lok árs .....	<u>213.537</u>	<u>35.569.961</u>
Bókfært verð í lok árs .....	0	7.711.712
Afskriftahlutföll .....	25%	20%

## Skýringar, frh.:

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rannsóknatæki	Innréttigar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í byrjun árs .....	918.186.430	28.253.078	20.366.590	966.806.098
Keypt á árinu .....	54.154.511	0	0	54.154.511
Heildarverð í lok árs .....	972.340.941	28.253.078	20.366.590	1.020.960.609
Afskrifað í byrjun árs .....	715.063.799	15.130.522	13.301.371	743.495.692
Afskrifað á árinu .....	48.583.023	3.389.693	3.388.104	55.360.819
Afskrifað í lok árs .....	763.646.822	18.520.215	16.689.475	798.856.511
Bókfært verð í lok árs .....	208.694.119	9.732.862	3.677.116	222.104.096
Afskriftahlutföll .....	20-30%	20%	20-30%	

Afskriftahlutföll .....

20-30%

20%

20-30%

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2022 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverðmæti rannsóknatækja, véla og búnaðar nemur ..... 1.241.456.000

2022

2021

Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Erlendir viðskiptamenn .....	20.193.178	37.367.334
Innlendir viðskiptamenn .....	60.365.352	84.147.651
Afskriftarrekningur viðskiptakrafna .....	( 7.741.553 )	( 7.741.553 )
	72.816.977	113.773.432

## Viðskiptakröfur vegna verkefna:

Staða í upphafi árs (nettó) .....	( 7.750.543)	32.028.542
Tekjufærsla verkefna á árinu .....	903.952.695	789.915.287
Innborgaðar styrkgreiðslur á árinu .....	( 811.620.258)	( 829.694.372)
Staða verkefna í lok árs (nettó) .....	84.581.894	( 7.750.543)
<b>Staða verkefna í lok árs - skipting</b>		
Viðskiptakröfur verkefna .....	481.188.035	388.716.319
Fært á fyrirfram innheimtar tekjur .....	( 396.606.141)	( 396.466.862)
Staða verkefna í lok árs (nettó) .....	84.581.894	( 7.750.543)

## 10. Eigið fé:

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 milljónir króna og er það allt í eigu ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

## Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í byrjun árs .....	150.000.000	4.948.160	8.579.143	161.884.952	325.412.255
Hagnaður ársins .....				46.459.190	46.459.190
Tillag í varasjóð .....			4.645.919	( 4.645.919)	0
Eigið fé í lok ársins .....	150.000.000	4.948.160	13.225.062	203.698.223	371.871.445

## Skýringar, frh.:

11. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:	2022	2021
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	( 6.281.689)	( 2.086.509)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 10.791.373)	( 7.921.742)
Tekjuskattur til greiðslu .....	8.961.635	3.726.562
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs .....	( 8.111.427)	( 6.281.689)

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 5.590.742)	( 3.622.388)
Viðskiptakröfur .....	( 3.991.740)	( 3.467.102)
Dreifing gengismunar, söluhagn. hlutabréfa skv. skattalögum .....	1.471.054	807.800
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs .....	( 8.111.427)	( 6.281.689)

## 12. Fyrirfram innheimtar tekjur:

Fyrirfram innheimtar tekjur samanstanda af styrkjum vegna verkefna, sem eru greiddir fyrirfram og tekjufærast síðar miðað við framgang verkefnanna og sbr. lið 2.d í skýringum.

## 13. Vörslusjóðir samstarfsverkefna:

Vörslusjóðir samstarfsverkefna eru erlendar og innlendar styrkgreiðslur, sem Matís ohf. mótteker og heldur utan um og eru geymdir á sérstökum bankareikningum sem eru ekki hluti af handbæru fé. Þessum styrkgreiðslum er ráðstafað til samstarfsaðila eftir því sem áföngum er náð í verkefnum og reglur sjóðanna kveða um.

14. Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2022	2021
Áfallin orlofsskuldbinding .....	98.547.926	102.664.287
Launaliðir .....	24.298.826	22.671.667
Lífeyrissjóðs- og stéttarfélagsiðgjöld vegna starfsmanna .....	20.310.183	17.943.116
Virðisaukaskattur .....	497.576	0
Ýmsar aðrar skuldir .....	5.429.604	3.726.562
	149.084.115	147.005.632

## 15. Helstu kennitölur félagsins

Veltufjárhlfall .....	1,23	1,15
Eiginfjárhlfall .....	36%	34%
EBITDA .....	122.047.695	96.879.739
Arðsemi eigin fjár .....	13,3%	9,7%